STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1972

11. febrúar 1972. 41 Nr. 15.

REGLUGERÐ
um vörugjald.

1. gr.

Leyfisbréf, er heimilar framleiðslu á vörugjaldsskyldri vöru, má því aðeins láta af hendi, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem kveðið er á um fyrir veitingu iðjuleyfis í lögum nr. 79/1971, um iðju og iðnað.

Fyrir leyfisbréf skal greiða 10 000 kr. til ríkissjóðs. Leyfisbréf gildir í 5 ár frá og með útgáfudegi. Fyrir endurnýjun leyfisbréfs skal greiða 5000 kr. í ríkissjóð. Framleiðendur vörugjaldsskyldrar vöru mega stunda framleiðslu til 31. des. 1976 samkvæmt leyfum, er gild voru samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/1939.

Nú flytur leyfishafi starfsemi sína í annað umdæmi, og skal hann þá, gegn 5000 kr. gjaldi, afla sér leyfisbréfs að nýju hjá tollstjóra í því umdæmi, sem flutt er í. Nú hættir leyfishafi að fullnægja framangreindum skilyrðum, og fellur þá niður réttur hans samkvæmt leyfisbréfinu.

2. gr.

Af vörum þeim, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer þau, sem talin eru í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs, sem hér segir:

Tollskrárnr.	Vörutegund	Gjald-eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	1 kg	45.60
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	1 kg	45.60
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45.60
05	Karamellur	1 kg	45.60
09	Aðrar	1 kg	45.60
18.06	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó:		
úr 18.06.09	Súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði	—	0.00
úr 18.06.09	Suðusúkkulaði, þ. e. hreint súkkulaði, sem í er einungis kakaóbaunir, kakaósmjör og sykur, með hámarksfeiti 30%. Lágmarksstærð í smásöluumbúðum 100 grömm	1 kg	20.80
úr 18.06.09	Annað	1 kg	45.60
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	6.00
22.02.00	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07	1 l	6.00

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Tollskrárnr.	Vörutegund	Gjald-eining	Vörugjald í kr.
22.03.00	Öl gert úr malti:		
úr 22.03.00	Maltöl og annað yfirgerjað næringaröl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% alkóhólmagn miðað við rúmmál	1 l	3.80
úr 22.03.00	Annað	1 l	6.80

3. gr.

Framleiðendur, er leyfi hafa til vörugerðar skv. lögum nr. 97/1971, um vörugjald, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða í sömu lögum, skulu tilkynna tollstjóra fyrir 1. marz 1972 um allar framleiðsluvörur sínar, og ákvarðar tollstjóri, hvort varan er gjaldskyld, og er svo er, þá samkvæmt hvaða tollskrárnúmeri heimta skal gjald af vörunni.

Framleiðandi, sem fengið hefur leyfi til framleiðslu gjaldskyldrar vöru, skal, áður en hann hefur sölu á nýrri framleiðsluvöru, tilkynna tollstjóra í umdæmi sínu þar um. Ný framleiðsluvara telst hver sú eining vöru til smásölu, sem frábrugðin er áður sýndum einingum að gerð, þunga eða umbúðum.

Tollyfirvald getur hvenær sem er krafizt upplýsinga um magn og samsetningu helztu hráefna, er í vörur þær fer, sem framleiddar eru af leyfishafa, hvort sem þær eru gjaldskyldar eða ekki. Sama gildir um innfluttar vörur.

Því aðeins skal flokka vöru til gjaldtöku í tollskrárnúmer úr 18.06.09, suðusúkkulaði, þ. e. hreint súkkulaði, sem í er einungis kakaóbaunir, kakaósmjör og sykur, með hámarksfeiti 30% og lágmarksstærð í smásöluumbúðum 100 grömm, að innflytjandi eða framleiðandi, eftir því sem við á, framvísi efnagreiningarvottorði frá Rannsóknarstofnun iðnaðarins eða annarri viðurkenndri opinberri rannsóknarstofnun, sem sýni innihald og samsetningu vörunnar.

Verði ágreiningur um, hvaða vörur séu gjaldskyldar, og hvaða gjöld skuli af þeim greiða, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Vörugjald skv. 2. gr. skal greiða eftir magni vöru að öllum umbúðum frátöldum, enda sé á vörureikningi getið nettóþyngdar vörunnar, ef um innflutning er að ræða. Gjald reiknast af hverri heilli gjaldeiningu, en broti úr einingu skal sleppt.

5. gr.

Vörugjald af innfluttum vörum skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., og ákvæði laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, eftir því sem við á, um vörugjald af innfluttum vörum.

6. gr.

Framleiðendur vörutegunda þeirra, sem um ræðir í reglugerð þessari, skulu færa innkaupa- og framleiðslubók, sem skal vera gegnumdregin og löggilt af tollstjóra í viðkomandi umdæmi, og hefur hann heimild til að kveða frekar á um form og færslu bókarinnar. Heimilt skal að færa sérstaka innkaupabók og aðra framleiðslubók, enda skulu báðar vera gegnumdregnar og löggiltar.

Færa skal daglega í bók þessa eða bækur:

1. Magn allra hráefna jafnótt og þau eru keypt eða aðfengin til vörugerðarinnar, og hver hafi látið þau af hendi.
2. Magn þeirra hráefna, hvert fyrir sig og samtals, sem ganga til framleiðslunnar hvern dag.

3. Framleitt magn daglega af fullunninni vöru og tilgreint, hve mikið magn af hverri vörutegund samkvæmt gjaldskrárliðum 2. gr.
4. Selt magn daglega samkvæmt sölunótum og tilgreint, hve mikið magn af hverri vörutegund ásamt heildarsöluverðmæti.

Sé rekstrarbókhald framleiðanda í góðu lagi að dómi fjármálaráðuneytisins og þar komi skýrt fram upplýsingar skv. 1.—4. tölulið, getur fjármálaráðuneytið heimilað, að í hina löggiltu innkaupa- og framleiðslubók sé eigi fært daglega, en þó ekki sjaldnar en mánaðarlega.

Á hverjum framleiðsludegi skal verkstjóri framleiðanda gera skrá um notuð hráefni og um magn þeirrar vöru, er lokið var framleiðslu á undanfarandi framleiðsludag. Magn framleiddrar vöru skal sundurgreina skv. gjaldskrárliðum 2. gr. þessarar reglugerðar. Verkstjóri skal staðfesta skrá þessa með undirskrift sinni. Skrár þessar skulu geymdar á framleiðslustað og vera til sýnis tollstjóra, hvenær sem þess kann að vera óskað.

Ef framleiddar eru, í tengslum við framleiðslu gjaldskyldra vara eða á sama stað, vörur, sem ekki ber að greiða vörugjald af, en sömu hráefni eru að einhverju leyti notuð í framleiðsluna, skal einnig færa í ofangreinda bók eða bækur þá framleiðslu, sem ekki ber að greiða vörugjald af. Tollyfirvöld hafa rétt til, hvenær sem er, að rannsaka bækur þessar og bera saman við aðrar bækur framleiðanda, svo og rannsaka birgðir þær, bæði af hráefnum og unnum vörum, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

Á sama hátt er tollyfirvöldum heimilt að rannsaka bókhald og birgðir þeirra, sem flytja inn eða dreifa gjaldskyldri vöru.

7. gr.

Framleiðandi gjaldskyldrar innlendrar vöru skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi tollstjóra, áður en vara er afhent af framleiðslustað eða seld.

Að fengnu samþykki fjármálaráðherra er tollyfirvaldi heimilt að veita leyfi til afhendingar vöru án þess að vörugjald hafi áður verið greitt. Heimilt er að binda veitingu gjaldfrests því skilyrði, að sett sé fjártrygging, sem tollstjóri tekur gilda. Gjaldfrestur skal þó aldrei vera lengri en svo, að gjald af afhentum vörum sé að fullu greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum þess mánaðar, er vara er afhent í. Gjaldfrestur er þeim skilyrðum bundinn, að daglegar skrár, skv. 6. gr., séu færðar, mánaðarlegum skýrslum um tollvörugerð, sbr. 8. gr., sé skilað á tilsettum tíma svo og, að gjald sé innt af hendi á réttum tíma.

8. gr.

Framleiðandi skal afhenda hlutaðeigandi tollstjóra mánaðarlega skýrslur, sem hann sjálfur eða prókúruhafi undirritar, þar sem tilgreint sé samkvæmt tollskrárnúmerum birgðir gjaldskyldra vörutegunda í byrjun mánaðar, framleiðsla og sala gjaldskyldra vörutegunda í mánuðinum, svo og birgðir í vörzlu hans í mánaðarlok.

Framangreindri skýrslu skal skilað í lok hvers mánaðar og eigi síðar en innan 15 daga frá mánaðarlokum, og lætur tollstjóri í té eyðublöð fyrir skýrslur þessar.

Það varðar framleiðanda dagsektum að upphæð 1000 kr. á dag, séu daglegar skrár skv. 6. gr. eigi gerðar eða skýrslu um vörugerð eigi skilað á tilsettum tíma.

9. gr.

Sé gjald af innlendri framleiðslu ekki innt af hendi á réttum tíma, getur tollstjóri látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomanda, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur hans, tæki og vörur undir innsigli. Þó skal toll-

stjóri eigi láta stöðva framleiðslu á þeirri vöru, sem unnið er að við lokun, ef hann telur hættu á, að birgðir hálfunninna vara, vélar eða verkfæri skemmist, verði vörugerð eigi lokið.

Birgðir gjaldskyldrar vöru og efnis til framleiðslu hennar skulu vera að veði fyrir gjaldinu, sektum og málskostnaði. Séu skil ekki gerð, getur tollstjóri selt birgðir þær, er fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldinu ásamt vöxtum, sektum og málskostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollstjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til birgða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi, sektum og málskostnaði í öðrum eignum gjaldanda.

Geymslu gjaldskyldrar vöru og hráefna til hennar skal svo háttað, að tollstjóri geti hvenær sem er sett vörur og hráefni undir innsigli, ef hann telur þess þörf til tryggingar skilvísri greiðslu á vörugjaldinu.

10. gr.

Hver sú eining gjaldskyldrar innlendrar vöru, sem ætluð er til sölu í smásölu, skal auðkennd framleiðanda annað hvort með nafni eða merki hans, er tollyfirvald hefur viðurkennt. Tollyfirvald getur krafizt þess, að á hverri einingu gjaldskyldrar vöru í smásölu sé þungi hennar tilgreindur.

Að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins er tollstjóra heimilt að leyfa sölu á vöru án þess að hver eining hennar í smásölu sé auðkennd framleiðanda. Slík leyfi skal því aðeins veita, að gerð vörunnar sé slík, að merkingu verði ekki við komið nema með óeðlilegum aukakostnaði. Ómerkta gjaldskylda vöru í smásölu skal þó ætíð selja úr heildsöluumbúðum, sem greinilega eru merktar framleiðanda vörunnar, enda innihaldi umbúðir þessar eigi meira magn en 5 kg.

11. gr.

Við afhendingu vörugjaldsskyldrar vöru skal láta af hendi vörureikning, er tilgreini tegund, magn, smásölueiningu, svo og verð þess afhenta.

Sé fleiri en ein tegund vörugjaldsskyldrar vöru afhent samkvæmt sama reikningi, skal tilgreina sérstaklega á vörureikningi magn og verð hverrar vörutegundar.

Ef seljandi gjaldskyldrar vöru er annar en framleiðandi hennar skal auk þessa tilgreina á vörureikningi, fyrir hverja vörutegund, nafn eða vörumerki framleiðanda.

Séu aðrar vörur en gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð þessari á sama vörureikningi, skal telja þær á eftir hinum gjaldskyldu vörum á vörureikningnum.

Gjaldskyldar vörur má eigi afhenda samkvæmt öðrum reikningseyðublöðum en þeim, sem tölusett hafa verið í númeraröð, og eru með auðkenni, er fjármálaráðuneytið ákveður. Vörureikningar skulu bera nafn þess fyrirtækis, er lætur þá af hendi, og skal heiti hinnar afhentu vöru vera vélritað eða prentað á þá. Fjármálaráðuneytið getur heimilað, að vörureikningar séu ritaðir með öðrum hætti um stundarsakir, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Eintak vörureiknings skal jafnan vera falt gjaldheimtumanni til athugunar.

Óheimilt er kaupmönnum, sem fengið hafa gjaldskylda innlenda vöru til dreifingar, að selja vöruna í öðrum umbúðum en þeim, er um getur í 10. gr.

Á sama hátt er innflytjendum óheimilt að dreifa vöru til sölu í smásölu, nema í þeim smásöluumbúðum, sem varan kom í til landsins, og kaupmönnum óheimilt að selja vöruna, nema í þeim sömu umbúðum. Hafi innflutt vara verið flutt til landsins án smásöluumbúða, skulu umbúðir, pökkunarstærð og önnur auðkenni vörunnar, hljóta samþykki viðkomandi tollstjóra, áður en vörunni er dreift til sölu í smásölu.

Verði afhending gjaldskyldra vara með öðrum hætti en að framan greinir, er heimilt að svipta framleiðanda leyfi til vörugerðar um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, svo og stöðva afhendingu vara innflytjanda, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð þessarri.

12. gr.

Óheimilt er að taka við innlendum gjaldskyldum framleiðsluvörum, sem ætlaðar eru til endursölu, nema þær séu merktar framleiðanda og þeim fylgi auðkenndur vörureikningur í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Þá er og óheimilt að taka við innfluttum gjaldskyldum vörum til smásöludreifingar nema fullnægt hafi verið ákvæðum reglugerðar þessarar um nákvæma útfyllingu vörureiknings, enda sé hann auðkenndur í samræmi við ákvæði 11. gr.

Ef aðili verður uppvís að því, að taka á móti gjaldskyldri vöru á vörureikningi, sem ekki er auðkenndur í samræmi við ákvæði 11. gr. eða án vörureiknings, skal hann ábyrgjast greiðslu gjaldsins.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald. Með gildistöku reglugerðar þessarar er felld úr gildi reglugerð nr. 41 1. marz 1968 um gjöld af innlendum tollvörutegundum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. febrúar 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

11. febrúar 1972. Nr. 16.

REGLUGERÐ

um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. marz til 1. maí 1972 á svæðum, sem takmarkast af línum, sem dregnar eru þannig:

1. Að austan er dregin lína í réttvísandi suður frá Þjórsárósi í punkt 63°34′ N og 20°48′ V og þaðan í punkt 63°34′ N og 21°26′ V, síðan í vesturátt gegnum eftirgreinda punkta:

1.	63°41′2 N	21°45′5 V
2.	63°41′2 N	22°21′0 V
3.	63°34′5 N	23°03′5 V

og þaðan í réttvísandi 033° í Reykjanesvita. Þó skal skipum allt að 105 brl. heimilt og veiða innan þessara marka á svæði, er takmarkast af lengdarbaugnum 21°57′ V og 22°32′ V og þrjár sjómílur út frá ströndinni.

2. Að norðan er dregin lína í réttvísandi vestur frá Garðskaga og að sunnan í réttvísandi vestur frá Stafnesi. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislínunni.